

### 3. bekkur

**Námsgrein:** Dans

**Kennarar :** Esther Inga Níelsdóttir

**Tímafjöldi:** 9 tíma námskeið.

Dans er stór þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til tjáskipta með túlkun á hreyfingu við alls kyns tónlist.

Í dansiðkun felst hreyfing, sköpun, hlustun, samhæfing, rökhugsun og flutningur. Dansinn er tjáning þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við með hreyfingu frá tónlist og þögn – með sjálfum sér eða í samstarfi. Dansiðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Dans getur verið hluti skilgreindrar menningar eða sjálf skilgreinandi hluti menningar.

Danskennsla í grunnskóla á að efla hreyfigetu og samhæfingu handa og fóta, ásamt því að læra einfalda samsetningu grunnspora í algengum dönsum. Nemendur eiga að geta skynjað hrynjanda og einkenni hennar í mismunandi hreyfingu og tónlist. Nemendur eiga að geta gert sér grein fyrir gildi dansins í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Markmið danskennslu í grunnskóla er:

Að örva líkams- og hreyfiþroska í takt við tónlist.

Kunna mun á hægri og vinstri, fram, aftur, hæl og tá.

Hlusta og gera greinarmun á tónlist með mismunandi hraða og áherslum.

Að örva og þroska líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind einstaklingsins.

Hlúa að og örva hreyfi- og rýmisgreind og félagsþroska og veita einstaklingum þannig aukið tækifæri til þroska og mennta.

Efla/þjálfa aga, áræðni, samhæfingu, kjark, færni, samvinnu, kurteisi, tillitssem og líkamsreisn.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
	<p>Nemandi getur:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama,</li> <li>• dansað einföld hreyfimyntur og notað þau í paradönsum, barnadönsum,</li> <li>• tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara,</li> <li>• tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi,</li> </ul>	<p>Grunnsþor kennd í eftifarandi dönsum:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Enskur vals</li> <li>• Cha cha cha</li> <li>• Samba</li> <li>• Jive</li> <li>• Línudans</li> <li>• Skottís</li> <li>• Ræll</li> <li>• Ýmsir leikdansar</li> </ul>
<b>Sköpun/túlkun/tjáning</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í hreyfileikjum (gangi í röð, í hringi, læri hoppþor),</li> <li>• gert skil á hægri og vinstri hæl og tá, fram og aftur,</li> <li>• dansað einföld þor í samkvæmisdans, t.d. grunnþor,</li> <li>• hlustað á tónlist með mismunandi tónfalli, hröð, hæg þor, skilgreini mismunandi dansstöðu/hald,</li> </ul>	<p>Kennslan er lifandi í gegnum dansinn, upplifunin og skemmtunin höfð í fyrirrúmi. Smám saman byggt ofan á fyrri þekkingu.</p>
<b>Skynjun/greining/mat</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• horft á danssýningar og/eða danskeppni (af myndböndum ef ekki er aðstaða til annars),</li> <li>• tekið þátt í umræðum um sýningar og keppni.</li> </ul>	<p>Nemendur fá sjá danssýningu og dansskeppni á myndbandi. Í lok árs verður foreldrasýning þar sem einskona uppskeruhátíð á sér stað.</p>
<p><b>Námsmat:</b> Námsmat verður í eftifarandi þáttum: þátttöku, samvinnu, áhuga, framförum og þátttöku í foreldrasýningu.</p>		
<p><b>Námsefni:</b> Geisladiskar með ýmissi danstónlist, hlustunarefni, veraldarvefurinn, myndefni, bækur um dans, o.fl. sem til fellur.</p>		